

Nr. 8.
22.
maí.

Boðskapur Konungs

til

alþingis.

Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Vora konunglegu kveðju!

Fyrir hollustupel það gagnvart Oss og Vorri konungsætt, er kemur svo hlýlega í ljós í ávarpi því, som neðri deild alþingis hefur sent Oss, færum Vjer Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi Vorar innilegustu þakkir.

Það olli Oss gleði, að fá boðskapinn um það, að frumvarp það til breytinga á stjórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands, er stjórn Vor hafði lagt fyrir alþingi, hefði verið samþykkt í einu hljóði af báðum þingdeildum. Oss þykir það vera fyrirboði þess, að stjórnarskipunargrundvöllur sá, er þannig hefur tekizt að safna öllum atkvæðum, muni þá einnig, er hann af hinu nýkosna alþingi og fyrir allrahæsta staðfesting Vora hefur hlotið fullnaðargildi, reynast til þess fallinn, að allir góðir kraptar geti á honum unnið saman að framtíð Íslands.

Engum er annara en Oss um framtíð þessa lands. Vissulega er hún mörgu og miklu öðru háð en stjórn og löggjöf, en að miklu leyti mun hún þó verða komin undir og byggð á því starfi, er alþingi Vort á að inna af hendi í samvinnu við ráðherra Vorn fyrir Ísland. Og er það þá von Vor og Vor sannfæring, að unnizt hafi hagstæðari og notaselli samvinnukjör, þá er hið nánara og innilegra samband er á komið milli stjórnar og þings, sem er grundvallarhugsunin í stjórnarskipunarverki því, er leggja á síðustu hönd á í sumar.

Um leið og Vjer þá tengjum von Vora og heitustu óskir Vorar um heillaríka framtíð fyrir Vora kæru og trúu íslenzku þjóð við alþingi, við starf þess í ár og við þann grundvöll, er það starf mun leggja undir vinnu þess á komandi árum, heitum Vjer alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amaliuborg 22. maí 1903.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Allerhøjeste Budskab

til

Altinget.

Nr. 8.
22de
Maj.

Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Vor Kongelige Hilsen!

For de Følelser af Hengivenhed for Os og Vort Kongelige Hus, der have givet sig saa varmt et Udtryk i den Adresse, som Altingets nederste Afdeling har henvendt til Os, bringe Vi Vore kære og tro islandske Undersaatter Vor inderligste Tak.

Det var med Glæde Vi modtogte Budskabet om, at det af Vor Regering Altinget forelagte Forslag til Forandringer i Forfatningsloven for Islands særlige Anliggender var blevet enstemmig vedtaget af begge Tingets Afdelinger. Vi se heri en Bebudelse af, at det Forfatningsgrundlag, der saaledes har kunnet samle alle Stemmer for sig, ogsaa naar det af det nyvalgte Alting og ved Vor allerhøjeste Stadfæstelse har fundet sin endelige Bekræftelse, vil vise sig egnet til, at alle gode Kræfter paa denne Grund kunne mødes i Arbejdet for Islands Fremtid.

Ingen ligger denne Fremtid varmere paa Hjerte end Os. Den afhænger visselig af mangt og meget andet end Styrelse og Lovgivning, men i stort Maal vil den dog betinges og bæres af den Gerning, der skal øves af Vort Alting i Samarbejde med Vor Minister for Island. Og det er da Vort Haab og Vor Forvisning, at dette Samarbejde vil have vundet gunstigere og frugtbarere Vilkaar ved den nøjere og inderligere Forbindelse mellem Regering og Ting, som er Grundtanken i det Forfatningsværk, hvorpaa i Aar den sidste Haand skal lægges.

Idet Vi da knytte Vort Haab og Vore varmeste Ønsker om en velsignelsesrig Fremtid for Vort kære og tro islandske Folk til Altinget, til dets Arbejde i Aar og til den Grund, som dette vil lægge for dets Arbejde i kommende Aar, forblive Vi Vort Alting i Kongelig Huld og Naade bevaagen.

Skrevet paa Amalienborg, den 22de Maj 1903.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.